

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Odda v/Sturlugötu

Sími: 525-4500/525-4553

Fax nr. 552-6806

Heimasíða: www.hag.hi.is

Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C08:07

**Möguleikar Íslendinga til
þróunarsamvinnu í Karíbahafi**
Frumathugun

Júní 2008

Formáli

Í þessari skýrslu er fjallað um möguleika Íslendinga til þróunaraðstoðar í fiskveiðum við ríki í Karíbahafi.¹ Þar sem um mjög viðamikilið efni er að ræða sem ekki verða gerð full skil í skýrslu sem þessari verður reynt að afmarka viðfangsefnið eftir megni. Auk þess verður einungis fjallað um þá þætti sem máli skipta varðandi hugsanlega þróunaraðstoð í fiskveiðum við lönd á þessu svæði en ekki litið til annarra möguleika hvað varðar þróunaraðstoð, s.s. í menntun, heilbrigðisþjónustu, jarðhita eða þar fram eftir götunum.

Skýrslan er unnin af dr. Gunnar Haraldssyni.

Þessi skýrsla er frumathugun þar sem litið er stórt yfir sviðið og ljóst að rannsaka mætti ýmsa þætti nánar.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 24. júní 2008



Gunnar Haraldsson, forstöðumaður

¹ Á íslensku er bæði talað um Karabíska hafið og Karíbahaf. Í þessari skýrslu er notast við síðarnefnda orðið.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	7
Þau vandamál sem við er að eiga	11
Þróunarsamvinna og samvinna landa á svæðinu	11
Caribbean Development Bank.....	12
Caribbean Regional Fisheries Mechanism (CRFM)	12
Caribbean Fisheries Management Council (CFMC)	12
FAO	13
Lokaorð	15
Heimildir.....	16

Myndir

Mynd 1 Karíbahaf	7
Mynd 2 Það hafsvæði sem fellur undir starfsemi Vestur- og Mið-Atlantshafsnefnd FAO.....	13

Töflur

Tafla 1 Sjálfstæð ríki í Karíbahafi – tvær lykiltölur og tekjuhópur	9
Tafla 2 Afli valinna ríkja í tonnum árið 2006.	10

Inngangur

Um fjöllun í skýrslu þessari er með eftirfarandi hætti. Fyrst er almenn umfjöllun um svæðið þar sem reynt er að afmarka umræðuna við þau ríki sem hugsanlega gætu verið samstarfslönd Íslands hvað varðar þróunaraðstoð í fiskimálum. Því næst er fjallað um þá þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð sem nú þegar er til staðar á svæðinu. Að lokum eru dregnar almennar ályktanir um möguleika Íslendinga til að veita þróunaraðstoð í fiskimálum á svæðinu.

Landfræðilega afmarkast Karíbahaf af suðurströnd Bandaríkjanna í norðri, austurströnd Mið-Ameríku í vestri, Suður-Ameríku í suðri og Atlantshafi í austurátt. Karíbahaf er um 2,5 milljón ferkílómetrar að stærð. Á þessu hafsvæði eru fjöldi eyja og eyjaklasa sem eru mjög ólíkar að stærð. Svæðið var fljótt numið af Vesturlandabúum eftir landafundi Kólumbusar, fyrst Spánverjum og Portúgölum, en síðar komu Frakkar, Bretar og ýmsar aðrar þjóðir og lögðu undir sig hinar ýmsu eyjar og þjóðir sem þar bjuggu.

Mynd 1 Karíbahaf



Aðalframleiðsluvara eyjanna var löngum sykur og var sú atvinnugrein mikilvæg fyrir nýlendupjóðirnar. Enn þann dag í dag eru margar eyjanna undir yfirráðum vestrænna þjóða með einum eða öðrum hætti. Eftirfarandi listi sýnir helstu eyjar svæðisins og er tiltekið ef þær heyrta undir eða tilheyra vestrænum ríkjum eða ríkjasamböndum.

1. Anguilla (breskar)
2. Antigua & Barbuda
3. Arbuá (hollenskar)
4. Bahama eyjar
5. Barbados
6. Bresku Jómfrúareyjar (British overseas territory)
7. Cayman eyjar (British Overseas Territories)
8. Kúba
9. Dominíka
10. Grenada
11. Guadeloupe (franskar)
12. Dóminíska lýðveldið
13. Haítí
14. Jamaíka
15. Martinique (franskar)
16. Montserrat (British Overseas Territories)
17. Navassa (BNA)
18. Hollensku Antilla eyjar (hollenskar)
19. Puerto Rico (BNA)
20. Saint Barthelémy (franskar)
21. St Kitts og Nevis
22. Santa Lucia
23. St Martin (franskar)
24. St Vincent & Grenadines
25. Trinidad & Tobago
26. Turks og Caicos eyjar (British Overseas Territories)
27. Bandarísku Jómfrúareyjar (BNA)

Þau lönd sem eiga sjó að Karíbahafi eru:

1. Bandaríkin
2. Belize
3. Costa Rica
4. Kólumbía
5. Franska Guyana
6. Guatemala
7. Guyana
8. Hondúras
9. Mexíkó
10. Nicaragúa
11. Panama
12. Súrínam
13. Venezuela

Eins og sjá má af þessum listum er um mikinn fjölda ríkja að ræða sem eiga hagsmuna að gæta á því hafsvæði sem kallast Karíbahaf. Ómögulegt er að reyna að fjalla um öll þessi ríki og möguleika Íslendinga til hugsanlegrar þróunaraðstoðar í þeim öllum. Til að reyna að afmarka umfjöllunina nokkuð er gripið á

Það ráð að fjalla einungis um þær eyjar og eyjaklasa í Karíbahafinu sem ekki lúta stjórn eða eru í ríkjasambandi við önnur ríki í Evrópu eða Bandaríkjunum. Umfjöllun um aðrar strandþjóðir rúmast ekki í þessari umfjöllun.

Tafla 1 sýnir tvær lykiltölur fyrir sjálfstæð ríki í Karíbahafi og í hvaða tekjuhópi þau lenda samkvæmt skilgreiningu Alþjóðabankans. Lykiltölurnar eru annars vegar fólksfjöldi og hins vegar vegar landsframleiðslu á mann. Ísland er með í töflunni til samanburðar.

Tafla 1 Sjálfstæð ríki í Karíbahafi – tvær lykiltölur og tekjuhópur

	Fólksfjöldi	VLF/mann†	hátekjur*	efri miðtekjur	lægri miðtekjur	lágtekjur
Antigua & Babuda	82.786	12.586	X			
Bahama eyjar	330.549	17.843	X			
Barbados	279.000	17.610	X			
Kúba	11.394.043	4.500				
Dóminíka	71.727	6.520		X		
Grenada	110.000	5.000		X		
Dóminíkanska lýðveldið	9.760.000	9.208			X	
Haítí	9.706.497	1.913				X
Jamaíka	2.651.000	4.300			X	
St Kitts & Nevis	42.696	14.649		X		
Santa Lucia	160.765	5.950		X		
St Vincent & Grenadines	120.000	7.493		X		
Trinidad & Tobago	1.305.000	19.700	X			
Ísland	300.000	38.751				
<i>*skv. skilgreiningu Alþjóðabankans</i>						
<i>†á jafnvirðisverðalagi (PPP)</i>						

Um er að ræða 13 ríki. Af þeim flokkast 4 þeirra sem hátekjulönd, 5 lenda í flokki þjóða með efri miðtekjur, 2 lönd með lægri miðtekjur og eitt land er lágtekjuland, þ.e. Haítí, en það er með fátækustu löndum heims.

Tafla sem þessi segir ekki alla söguna hvað varðar ástand þróunarmála í löndum á svæðinu þrátt fyrir að hún gefi ýmsar vísbendingar. Litið er framhjá tekju- og eignaskiptingu þannig að þrátt fyrir að VLF/mann sé há þarf slíkt ekki að þýða að ýmsir íbúar landsins hafi ekki þörf fyrir þróunaraðstoð. Hins vegar kemur á mótí að þegar verið er að ákveða hvar bera skuli niður varðandi þróunaraðstoð er ekki óeðlilegt að líta frekar til fátækari þjóða en ríkra, -mælt á þann mælikvarða sem hér er til hliðsjónar. Ef VLF/mann er tiltölulega há í ákveðnu landi en misskipting mikil getur verið varasamt að stofna til þróunarsamstarfs þar sem tekjuskiptingin sjálf er rót vandans. Þróunaraðstoð getur þannig dregið úr vilja stjórnvalda til að

draga úr bágunum kjörum þeirra verst settu. Enda er sú stefna höfð til grundvallar hjá flestum þróunarsamvinnustofnunum s.s. ÞSSÍ.²

Í því sem hér fer á eftir verður ekki fjallað nánar um þau lönd sem teljast hátekjulönd þar sem þau teljast *a priori* ekki heppileg samstarfslönd Íslands í þróunarsamvinnu. Kúba og Haítí heltast einnig úr lestinni, ef þannig má að orði komast sökum sérstöðu stjórn málaástands á Kúbu og þeirrar staðreyndar að Haítí telst með hættulegustu stöðum heims og stjórn málaástand ótryggt.

Einnig er rétt að ítreka að mörg þeirra ríkja sem fátækust eru á svæðinu tengjast vestrænum þjóðum eða ríkjasamböndum mjög lausum böndum. Engu að síður verða að vera mjög sterk rök fyrir því að ríki sem tengist ríkum þjóðum í Evrópu og Ameríku fari í þróunarsamvinnu við Íslendinga. Að sjálfsögðu geta slík tilvik komið upp, en hafandi í huga lítið umfang íslenskrar þróunaraðstoðar og þeirrar stefnu að beina aðstoð aðallega til fátækustu ríkja heims, verður að teljast vænlegra að beina þróunarsamvinnu til þeirra ríkja sem ekki eiga sér bakhjarla annars staðar.

Sé haldið áfram með þessa útilokunaraðferð eru 6 ríki eftir, sem mögulegir samstarfsaðilar Íslands í þróunarsamvinnu á svæðinu.³ Það eru:

1. Dóminíka
2. Grenada
3. Dóminíkanska lýðveldið
4. Jamaíka
5. St Kitts & Nevis
6. Santa Lucia
7. St Vincent & Grenadines

Í eftirfarandi töflu má sjá afla ofangreindra ríkja í tonnum árið 2006.

Tafla 2 Afli valinna ríkja í tonnum árið 2006.

	Úr		
	Úr sjó	ferskvatni	Alls
Dóminíka	579	0	579
Dóminíkanska lýðveldið	10,253	1,819	12,072
Grenada	2,045	0	2,045
Jamaíka	13,571	5,195	18,766
St Kitts & Nevis	450	0	450
St Lucia	1,409	1	1,410
St Vincent & Grenadines	2,747	0	2,747

Heimild: FAO

Þá er fiskeldið stundað nokkuð víða en það er ekki mikið að umfangi. Þrátt fyrir að gagnaöflun sé erfiðleikum bundin í flestum þessara ríkja virðist ljóst að fiskveiðar eru ekki meginatvinnuvegur í flestum

² Sjá stefnumið ÞSSÍ á vefsíðunni www.iceida.is/um-thssi/verklagsreglur. Þessi skilningur virðist einnig ráðandi í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Þessarar ríkja, a.m.k. ekki þegar litið er til magns. Eins og víða í hitabeltissjó eru tegundir fiska og annarra sjávardýra fjölmargar.

Ein helsta ástæða þess hve fiskveiðar eru tiltölulega litlar á þessu mikla hafsvæði er sú að sjórinn er tiltölulega snauður af næringarefnum. Samkvæmt flokkun SeaWiFS, sem er mæling gervihnatta bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA á framleiðni hafsvæða er Karíbahafið í flokki III-lágt, með framleiðslu $<150\text{gC/m}^2$. Hitastig hafsins er nokkuð stöðugt eða frá 25,5°C á vetrum til 28°C á sumrum. Framleiðni við strönd Venezuela er nokkuð hærri en annars staðar á svæðinu vegna uppflæðis sjávar á þeim slóðum.⁴

Þau vandamál sem við er að eiga

Líkt og víða um heim er skortur á góðum upplýsingum það sem helst stendur í vegi fyrir að hægt sé að þróa og stjórna fiskveiðum með hagkvæmum hætti í Karaíbahafi.⁵ Án áreiðanlegra upplýsinga er erfitt að ákvarða stofnstærðir helstu tegunda, sókn og sóknarmyndum og áhrif veiða á fiskistofna. Á sama hátt eru víðast hvar ónógar upplýsingar til að hægt sé að fylgjast með öryggi og gæðum í veiðum og vinnslu.

Þá má nefna að í þeirri vinnu sem hefur átt sér stað í samvinnu við Matvæla- og þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) er auk þess bent á eftirfarandi vandamál sem þurfi að leysa:⁶

- Þróa frekar fiskveiðistefnu einstakra ríkja og líta í því sambandi til efnahagslegra og félagslegra þátta.
- Líta til gæða aflans og öryggis í fiskveiðum bæði hvað varðar stefnu stjórnvalda og tæknilegra úrlausna.
- Athuga áhrif niðurgreiðslna og styrkja á fiskveiðar og fiskiðnað og stefna að því að draga úr styrkjum sem ella draga úr sjálfbærni veiðanna.

Fiskveiðar eru almennt ekki mikilvægar í efnahagsstarfsemi flestrar ríkja í Karíbahafi.⁷ Landbúnaður er t.a.m. mun mikilvægari hjá flestum þessum ríkjum auk þess sem ferðamennska er mikilvægur og vaxandi atvinnuvegur. Engu að síður eru fiskveiðar mikilvægar á ákveðnum svæðum og hjá þeim fjölskyldum sem reiða sig að meira eða minna leyti á fiskveiðar.

Þróunarsamvinna og samvinna landa á svæðinu

Ekki fer mikið fyrir þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð vestrænna ríkja við ríki í Karíbahafinu. Ástæðunnar er ekki síst að leita í því hve mörg þeirra eru annað hvort til þess að gera rík, eða þá að þau heyra undir erlent yfirvald, nema hvort tveggja sé.

⁴ Um þetta má fræðast nánar hjá Richards og Bohnsack (1990).

⁵ Sjá t.d. Gunnar Haraldsson (2007).

⁶ Sjá FAO (2005).

⁷ Sjá FAO (1996).

Neyðaraðstoð við ríki Karíbahafs eru hins vegar nokkuð algeng, sérstaklega eftir fellibylji sem eru algengir á svæðinu og þeim fylgja oft og tíðum miklar hamfarir. Þegar svo háttar til bregðast hjálpsamtök ýmissa landa og alþjóðlegra samtaka við og bjóða neyðaraðstoð.

Áður en lengra er haldið er þó rétt að gera örlitla grein fyrir þeirri þróunarsamvinnu sem nú þegar er á svæðinu og þá samvinnu sem ríkin hafa sín á milli.

Að stórum hluta vegna smæðar og fjölda þeirra ríkja sem byggja Karíbahaf hafa þau með sér víðtækt samstarf um ýmsa sameiginlega hagsmuni. Umfjöllun sú sem hér fylgir einskorðast við þá aðila sem starfa beint að fiskimálum á svæðinu.

Caribbean Development Bank

Caribbean Development Bank er þróunarbanki sem starfar á svæðinu. Meðlimir eru flest eyríki svæðisins en einnig önnur lönd, s.s. Kolombía, Mexíkó og Venezuela, sem þó hafa ekki rétt til að fá lán hjá bankanum. Einnig eru Kanada, Bretland, Ítalía, Kína og Þýskaland meðlimir bankans, en þeir hafa atkvæðisrétt en ekki rétt til lána. Markmið bankans er að styðja við þróun svæðisins og útrýma fátækt. Bankinn gefur reglulega út skýrslur um ástand þróunarmála sem nálgast má á vefsvæði bankans.⁸ Sú ástæða að bankinn er nefndur hér er að landbúnaður og fiskveiðar eru efst á lista yfir þau verkefni sem bankinn hyggst einbeita sér að (e. subject areas). Sé hins vegar litið á þau verkefni sem bankinn hefur sérstaklega styrkt eða rannsakað er ekki að sjá að fiskveiðar séu sérstaklegt áherslusvið heldur er frekar litið til fæðuöryggis almennt.

Caribbean Regional Fisheries Mechanism (CRFM)

Mjög virkur samningur fjölmargra ríkja á svæðinu.⁹ Tilgangur samningsins er að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum á svæðinu. Samstarf þessara ríkja er mikið og snýst að flestum þáttum fiskveiða og fiskveiðistjórnar. Rannsóknir eru fyrirferðamiklar í starfseminni og snúast að miklu leyti um líffræðilega þætti en einnig stjórnunarlega.¹⁰ CRFM er öflugt í útgáfustarfsemi og skiptist hún í fimm flokka.

- *CRFM Fisheries Reports*. Í þeim birtast rannsóknir sjálfstæðra ráðgjafa, útgáfa tengd ráðstefnum og ýmis konar ritsmíðar sem gagnast vísindasamfélaginu.
- *CRFM Fisheries Research Documents*. Í þessum skýrslum eru birtar niðurstöður rannsókna, töluleg gögn og ýmislegt fleira sem ekki er fullunnið og tilbúið til birtingar í CRFM Fisheries Reports.
- *CRFM Fisheries Advisory Documents*. Um er að ræða stuðningsrit til að útskýra ýmsa þætti í fiskveiðistjórnun og þeirri ráðgjöf sem veitt er af CRFM.
- *CRFM Special Fishery Publications*. Þetta eru sértil af ýmsu tagi sem snerta fiskimálefni.
- *CRFM News*. Fréttarit CRFM sem gefið er út ársfjórðungslega og þar sem áhugasamir lesendur geta fylgst með þróun mála og starfsemi CRFM.

Caribbean Fisheries Management Council (CFMC)

Sá hluti Karíbahafsins sem heyrir undir Bandaríkin er eitt af átta sérstökum fiskveiðistjórnunarsvæðum landsins sem stofnuð voru með svonefndum Magnuson-Stevens lögum, en þau eru grundvöllur fiskveiðistjórnar í Bandaríkjunum. Fiskveiðum á svæðinu er stjórnað af Fiskveiðistjórnarráði

⁸ www.caribank.org

⁹ www.caricom-fisheries.com


¹⁰ Of langt mál væri að telja upp öll verkefni ráðsins en yfirlit um útgáfur má finna á síðunni www.caricom-fisheries.com/publications.asp

Karíbahafsins (CFMC) sem staðsett er á Puerto Rico. Puerto Rico og Bandarísku Jómfrúareyjar eru auk Bandaríkjanna meðlimir að ráðinu.

FAO

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur á undanföllum árum beint sjónum sínum að litlum fátækum eyríkjum.¹¹ Svæðið heyrir undir Vestur Mið-Atlantshafs fiskveiðinefndina (e. Western Central Atlantic Fishery Commission).

Mynd 2 Það hafsvæði sem fellur undir starfsemi Vestur- og Mið-Atlantshafsnefnd FAO



Það í starfsemi FAO sem lítur að ríkjum Karíbahafs hefur einkum snúið að eftirfarandi sex atriðum:

1. Styrking innviða og getu landa til að stjórna og þróa fiskveiðar (e. capacity building).
2. Bætt vernd og stjórnun fiskveiðilögsögu.
3. Bætt meðferð afla og efling markaða.
4. Öryggi sjómanna.
5. Aukinn þáttur fiskveiða og vinnslu í hagkerfum landanna og einkavæðing fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu.
6. Þróun fiskeldis og veiða í ám og vötnum.

WCAFC er staðsett á Barbados og vinnur að samvinnu ríkja hvað varðar verndun fiskistofna og sjálfbæra nýtingu þeirra í vestanverðu Mið-Atlantshafi. Starf nefndarinnar fer aðallega fram gegnum vinnuhópa sem fjalla um sérstök svæði, tegundir eða aðra þá þætti sem máli þykja skipta á hverjum tíma.

Þá taka ríki Karíbahafsins einnig þátt í enn stærra verkefni FAO sem snýr að ábyrgri fiskveiðistjórnun (e. responsible fisheries). Það starf miðast þó við mun fleiri smáar eyþjóðir, s.s í Indlandshafi og Suður-Kyrrahafi.

¹¹ Yfirleitt er vísað til þeirra með skammstöfuninni SIDS (e. Small Island Developing States).

Af sérstökum verkefnum FAO á svæðinu má nefna; regluverk um smíði smábáta í fjölmörgum ríkjum Karíbahafsins, undirbúning að auknu vægi uppsjávarveiða, stefnumótun fyrir sjálfbærar veiðar í Jamaíka, áætlun til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum rækjuveiða með trolli í Trinidad & Tobago og umhverfisvæn veiðistjórnun í Antilles eyjum.

Eins og sjá má af þessari upptalningu snerta verkefni FAO á svæðinu ýmsa ólíka þætti í fiskveiðum og vinnslu á svæðinu. Líkt og víðast annars staðar er leiðarljós samtakanna að stuðla að virkri fiskveiðistjórnun, ekki síst með uppbyggingu innviða og regluverks.¹²

¹² Um þetta má fræðast nánar í riti, FAO (2004).

Lokaorð

Það eru fjölmörg atriði sem skipta máli þegar verið er að velta fyrir sér þróunarsamvinnu Íslands við ríki í Karíbahafi. Huga verður að því hvaða aðstoð nýtist hverjum best og hvað Íslendingar hafa fram að færa í þróunarsamvinnu.

Fiskimál hafa löngum verið mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð Íslendinga við önnur ríki enda höfum við mikla reynslu og þekkingu sem hægt er að deila með öðrum þjóðum hvað varðar ýmsa þætti. Má þar nefna fiskveiðitækni, menntunarmál sjómanna og fiskvinnslufólks, gæða- og markaðsmál, stjórnkerfi fiskveiða, og þannig mætti lengi telja.

Þar sem öll þau ríki sem hér hefur verið minnst á stunda fiskveiðar er ljóst að Íslendingar hafa einhverju að deila af reynslu sinni. Fiskveiðar skipta hins vegar hlutfallslega litlu máli í efnahag flestra þessara þjóða og ekki verður séð að málefni tengd fiskveiðum eða vinnslu séu hátt á verkefnalista þeirra. Enda er hafsvæðið sem heild ekki ríkt af sjávarlífverum, sérstaklega ekki í samanburði við þau hafsvæði sem liggja sunnar og norðar á hnettinum.

Þá er til þess að líta að mörg ríkja á svæðinu eru ekki fátæk auk þess sem vestrænar þjóðir eru þarfyrirferðarmiklar, s.s. Bandaríkin, Bretland og Frakkland. Enda er það svo að þessar þjóðir stunda viðamiklar rannsóknir á hafsvæðinu, bæði hvað varðar lífræna þætti en sjá einnig um ýmis önnur mál s.s. eftirlit, öryggismál o.þ.h.

Þau vandamál sem við er að glíma í sjávarútveg þessara landa eru keimlík þeim sem þekkjast víða annars staðar og ber þar hæst brotalamir í söfnun gagna, t.d. um stærð og hegðun fiskistofna, afla ólíkra tegunda o.s.frv. Nú þegar er í gangi samstarf ríkja á svæðinu til að bæta úr þessum vanda. Einnig er víðtækt samstarf í gangi um fiskveiðistjórnun.

Finna má verðug samstarfsverkefni í þróunarmálum sem snerta fiskveiðar á svæðinu en það er ákvörðun stjórnvalda á hverjum tíma hvar skuli borið niður og hvernig. Þessari frumathugun er einungis ætlað að varpa nokkru ljósi á stöðu fiskimála á svæðinu en ekki að koma með sérstakar tillögur um verkefni. Hugsanlega mætti nýta þá aðstöðu og þekkingu sem þegar hefur verið aflað í umdæmisskrifstofu ÞSSÍ í Nicaragua til að kanna samstarfsmöguleikana enn frekar og víkka þá sjóndeildarhringinn til þeirra landa sem eiga sjó að Karíbahafi en eru ekki eyþjóðir.

Af ofansögðu má ljóst vera að sökum þess hve sjávarútvegur er lítilvægur í hagkerfum þjóðanna, hve rannsóknir og annað samstarf í fiskimálum er þegar víðtækt og hve tengslin við önnur Evrópulönd en Ísland eru sterk á svæðinu virðist ekki brýn þörf á beinni þátttöku Íslendinga í þróunarsamvinnuverkefnum. Sérstaklega þegar við bætist að fiskimál virðast ekki ofarlega á lista yfir forgangsmál ríkisstjórna þessarra landa. Nær væri að efla það starf sem þegar er verið að vinna s.s. í Nicaragua, Sri Lanka og víðar.

Í Karíbahafi eru margar vel stæðar þjóðir og eðlilegt að ráðist sé í verkefni í fiskimálum á grundvelli frjálstra viðskipta frekar en þróunarsamvinnu.

Heimildir

FAO (1996). Fisheries and Aquaculture in Latin America and the Caribbean: Situation and Outlook in 1996. FAO Fisheries Circular No. 921 FIPP/C921.

FAO (2004). *FAO and SIDS: challenges and emerging issues in agriculture, forestry and fisheries. Paper prepared by FAO on the occasion of the Inter-Regional Conference of Small Island Developing States, Bahamas.*

Gunnar Haraldsson (2007). Overview of Nicaraguan fisheries with regards to possible co-development projects. Report of a consulting mission to Nicaragua to ICEIDA. November.

Richards, William J. og James A Bohnsack (1990). The Caribbean Sea: A Large Marine Ecosystem in Crisis í ritinu Kenneth Sherman, et al. (ritstj.), *Large Marine Ecosystems: Patterns, Processes and Yields* (Washington, D.C.: American Association for the Advancement of Science), bls .44-53.